



13. febrúar 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 34. mál á 154. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til styrkingar á réttarúrræðum vegna umhverfismála og réttinum til heilnæms umhverfis

Með ofangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á ýmsum á lögum til styrkingar á réttarúrræðum vegna umhverfismála og rýmkunar aðgangs samtaka á því sviði að dómstólum. Þetta er sambærilegt við markmið frumvarps um réttarúrræði neytendaverndarsamtaka sem Hagsmunasamtök heimilanna lögðu grunn að og hefur í fjórgang verið lagt fram á Alþingi (sjá 153. mál á 154. löggjafarþingi).

Hagsmunasamtök heimilanna eru almannaheillafélag og falla sem slík undir gildissvið laga um félög til almannaheilla, nr. 110/2021. Ákvæði 2. gr. þessa frumvarps er almennt orðað og verði það að lögum myndi það hafa þau áhrif að öll slík félög teldust eiga lögvarinna hagsmuna að gæta fyrir dómstólum þegar það samrýmist tilgangi og markmiðum þeirra. Eins og búast má við eru samtökin því heilshugar fylgjandi slíkri lagabreytingu og hvetja til þess að sú tillaga hljóti brautargengi.

Með hliðsjón af reynslu samtakanna eins og hún endurspeglast í útfærslu á fyrrnefndu frumvarpi um réttarúrræði neytendaverndarsamtaka, er góðfúslega lagt til að auk þess að félög til almannaheilla verði talin eiga lögvarinna hagsmuna að gæta fyrir dómstólum, verði þau einnig talin eiga lögvarinna hagsmuna að gæta á stjórnarsýslustigi. Það mætti útfæra með breytingu á frumvarpinu þess efnis að á eftir orðunum “lögvarinna hagsmuna að gæta” í 2. og 3. gr. komi: *á stjórnarsýslustigi og*, ásamt því að á eftir orðunum “gæta þeirra hagsmuna sem” í sömu greinum komi: *úrlausnarefnið eða*. Þannig breytt myndu þessi ákvæði frumvarpsins orðast eins og hér segir (með áherslubreytingu á viðbætur):

*Félög sem falla undir gildissvið laga þessara teljast eiga lögvarinna hagsmuna að gæta á **stjórnarsýslustigi og** fyrir dómstólum, enda samrýmist tilgangi og markmiðum samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem **úrlausnarefnið eða** sakarefnið lýtur að.*

Að þessu gættu eru Hagsmunasamtök heimilanna hlynnt 2. og 3. gr. í ofangreindu frumvarpi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is